

Heilög Ferming

28. Tími



Tilgangur:

Í heilagri fermingu tökum við á móti Heilögum Anda.

Allir sem skírðir eru hafa fengið Heilagan Anda og þessi Andi leiðir okkur og styrkir. Þegar við vitum ekki sjálf hvers biðja ber biður Heilagur Andi, sem er Guð sjálfur, í gegnum og með okkur.

Hvað gerist í Fermingunni?

Eftir uppreisuna og áður en hann steig upp til föður síns sagði Jesús við lærisveina sína:
Ég mun senda yður heilagan anda.

Á hvítasunnudag blæs hvass vindur um húsið þar sem postularnir eru staddir og allir fyllast þeir Heilögum Anda.

Þeir sem voru hræddir báðu af trúfesti umhverfis Maríu mey.

Þeir sem fylltust ótta fóru út til þess að boða öllum fagnaðarerindið og allir skildu þau á sínu eigin tungumáli. Heilagur Andi miðlar kærleika sínum. Við getum sagt að postularnir hafi verið fermdir að morgni hvítasunnu.



Við skírnina fáum við guðlegt líf í sál okkar.


Við erum börn Guðs föður, bróðir Jesú og musteri Heilags Anda.

Hvað hefur þá fermingarsakramentið í för með sér?

Fermingarsakramentið kemur til þess að fylla sál hins kristna með því að gefa honum Heilagan Anda með öllum gjöfum hans.

Hann gerir okkur að börnum Guðs Föður og kennir okkur að elska eins og Jesús, haga okkur eins og Jesús.

Það er nýtt afl sem kallar okkur til þess að vera nýtt vitni um kærleika Guðs.



Maður fær þetta sakramenti aðeins einu sinni í kristnu lífi sínu, alveg eins og skírni. Þetta sakramenti setur andlegt merki á okkur, eins og innsigli merkt í mjúku vaxi. Við tilheyrum sannarlega Kristi Jesú.

Hvernig er fermingarathöfnin?

Það er biskupinn sem veitir fermingarsakramentið.

Hann réttir út hendur sínar yfir fermingarbarnið, ákallar Heilagan Anda yfir það og biður þessa bæn:

*Almáttugi Guð, Faðir Drottins vors, Jesú Krists,
þú endurfæddir þessi börn þín
með vatni og heilögum Anda
og frelsaðir þau með því frá syndinni;
send þú þeim, Drottinn,
heilagan Anda, talsmann þinn;
veit þeim Anda vísdoms og skilnings,
Anda ráðspeki og krafta,
Anda þekkingar og guðrækni,
fyll þau ótta Drottins. Amen.*



Biskup gerir krossmark á enni barnsins með þumalfingri, sem hann hefur dýft í olíuna og segir:

“N...meðtak þú mark veitingar heilags Anda.”

Þá gefur hann hinum nýfermda friðarkveðju.

Litið myndina:



Tengdu punktana frá númer eitt til að uppgötva hvern Jesús sendi postula sína eftir upprisu sína

